

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**793. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 10. júní 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Dagskrá:**

1. Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs og rekstrarstjóri þjónustumiðstöðvar.
2. Erindi frá Pálma Geir Ríkharðssyni og Ingunni Reynisdóttur.
3. Bréf Sveins Karlssonar og Guðnýjar Þorsteinsdóttur.
4. Bréf Öldu- félags um sjálfbærni og lýðræði.
5. Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga.
6. Bréf Veiðifélags Víðidalstunguheiðar.
7. Bréf Aðalheiðar S. Einarsdóttur.
8. Bréf Húsfreyjanna á Vatnsnesi.

### **Afgreiðslur:**

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni s.s. malbikun gatna, aðalskipulag, vatnsveitu, útrásir ofl.
2. Fram lagt erindi Pálma Geirs Ríkharðssonar og Ingunnar Reynisdóttur þar sem þess er óskað að hitaveita verði lögð að Syðri-Völlum að undangenginni kostnaðaráætlun. Erindinu vísað til skoðunar framkvæmda- og umhverfissviðs.
3. Erindi Sveins Karlssonar og Guðnýjar Þorsteinsdóttur lagt fram en þar eru gerðar athugasemdir við álagningu holræsagjalds á fasteignir þeirra á Borðeyri. Byggðarráð felur fjármála- og stjórnsýslusviði ásamt framkvæmdasviði og Sigurði Kjartanssyni skoðun og afgreiðslu erindisins.
4. Fram lagt bréf Öldunnar – félags um sjálfbærni og lýðræði. Í erindinu er kallað eftir því að sveitarfélög tryggi grasrótar- og félagasamtökum húsnæði til fjölbreyttra félagsstarfa fyrir fullorðna. Byggðarráð hafnar erindinu.
5. Fram lagt til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem greint er frá nýsköpunarráðstefnu og veitingu nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu þann 29 janúar 2014. Í bréfinu eru sveitarfélög hvött til að huga að tilnefningum til umræðra verðlauna.
6. Bréf Veiðifélags Víðidalstunguheiðar lagt fram. Í bréfinu er óskað eftir því að Húnaþing vestra gerist aðili að rannsóknarverkefni ásamt veiðifélaginu og Veiðimálastofnun um vöxt og viðgang fiskistofna á Víðidalstunguheiði og lífríki heiðarinnar. Byggðarráð samþykkir að Húnaþing vestra verði þátttakandi í verkefninu frá 1. janúar 2014 og leggi því til fjármuni í samræmi við leigutekjur sveitarfélagsins í allt að þrjú ár frá Veiðifélagi Víðidalsár v/ seiðasleppinga ofan Kolufossa.
7. Fram lagt bréf Aðalheiðar Einarsdóttur þar sem óskað er endurnýjunar á leigusamningi um beitarnland úr landi Ytri-Valla. Byggðarráð samþykkir erindið og felur sveitarstjóra undirritun nýs samnings.
8. Fram lagt bréf Húsfreyjanna á Vatnsnesi þar sem greint er frá ósk Selasiglinga ehf. um að leigja Hamarsbúð frá 1. júní sl. til og með 31. ágúst nk. Þar sem fyrir liggur að félag Húsfreyjanna, sem haft hefur umráðarétt yfir húsnæðinu, er jákvætt fyrir erindinu samþykkir byggðarráð samninginn fyrir sitt leyti  
Samþykkt að taka á dagskrá.

9. Oddviti skýrði frá fundi sem hann átti ásamt Elínu Líndal með fulltrúum Landsbankans hf. vegna fækkunar starfsmanna í útibúi bankans á Hvammstanga.
10. Sveitarstjóri greindi frá fundi sem hann á samt oddvita áttu með fulltrúum Vegagerðarinnar á Akureyri, þar sem farið var yfir þær framkvæmdir sem Vegagerðin er að fara í á svæðinu á þessu ári, ásamt ýmsum öðrum málum.
11. Sveitarstjóri gerði grein fyrir athugasemdum Mannvirkjastofnunar við Brunavarnaáætlun Húnaþings vestra 2013-2017.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:00

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Ragnar S. Helgason

---

Stefán Böðvarsson.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheymarfulltrúar:

---

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson